

Jólafundur Beta deildar og Mýdeildar

Þar sem við vorum gestir Mýdeildar á þessum jólafundi þá ritaði fundarritari ekki fundargerð en segir í stuttu máli frá kvöldinu.

Þegar við mættum á fundinn, sem haldinn var í húsnæði Verkmenntaskólans á Akureyri, var hún Ragheiður Júlíusdóttir söngkona úr Mýdeild ásamt undirleikara sínum honum Ingólfi að syngja falleg jólalög sem var mjög notalegt og gott á að hlýða eftir amstur dagsins. Þá var kveikt á kertum og við boðnar velkomnar á jólafund Mý deildar. Næst var orð til umhugsunar og las Guðný Ólafsdóttir fyrir okkur jólasögu. Jólagestur okkar var að þessu sinni Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur. Hún hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir “Leyndardóm ljónsins” og Norrænu barnabókaverðlaunin fyrir þær Njálu,Eglu og Laxdælu. Brynhildur las fyrir okkur upp úr nýjustu bók sinni “Blávatnsorminum” sem er mjög skemmtileg saga og hafa eflaust margar konur fengið góða hugmynd að gjöf fyrir jólin. Að lestri loknum voru veitingar í boði Mýdeildar og góðar krásir þar á borðum. Mikið var spjallað,hlegið og sungið og fundi slitið kl 22:00

Gleðileg jól
María Gunnarsdóttir